

From: Svavar Dadason <svavard@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 1. maí 2019 11:42
To: Áslaug Hulda Jónsdóttir <aslaug.hulda.jonsdottir@gardabaer.is>
Cc: Gunnar Einarsson <gunnar@gardabaer.is>
Subject: Hjólreiðamenn á fleygi ferð í Súlunesi.

Sæl og blessuð Áslaug,

Gleðilegt sumar :)

Eins og þú sennilega mannst eftir þegar við íbúar vorum að berjast fyrir framkvæmdum vegna hjólastígs við Súlunes og Hegranes þá var lögð höfuðáhersla hjá íbúum að tryggja yrði að stígurinn yrði notaður af hjólreiðamönnum.

Við höfum verið í stöðugu sambandi við starfsmenn þjónustumiðstöðvar Garðabæjar sem og starfsmenn á bæjarskrifstofu sem hafa lofað því að setja einhverskonar girðingu til þess að beina hjólreiðamönnum á stíginn.

Þessar viðræður hafa engu skilað en svo virðist vera að málið sé hunsað. Það eina sem sett hefur verið er einn gulur steypubiti sem er engan veginn fullnægjandi.

Nú í morgun náði ég mynd af ástandinu en það fór stór hópur hjólreiðamanna, sem skipti tugum, niður Súlunesið á fullri ferð.



Þess háttar hjólahópar sem og einstaka hjólreiðamenn fara á fleygi ferð niður götuna með tilheyrandi slysaþættu bæði fyrir gangandi vegfarendur sem og ökumenn sem eru að keyra í götunni eða bakka af innkeyrslum. Þá er grasið orðið mjög illa farið.

Við núverandi ástand verður ekki lengur unað.

Vegna þessa óska ég hér með eftir að bæjarráð taki erindi mitt formlega fyrir á næsta fundi sínum og hlutist til um málið.

Með von um skjót viðbrögð.

Afrit af erindi þessu er sent bæjarstjóra.

Virðingarfyllst,

Svavar Daðason

